



Hafnarfjarðarbær/Fræðslu- og frístundaþjónusta, kt. 590169-7579, og Hjallastefnan kt. 540599-2039 gera með sér eftirfarandi samkomulag um tímabundna stækkun á samningi um rekstur leikskóla á Hjallabraut 55 í Hafnarfirði

Starf fyrir 5 ára leikskólabörn í Barnaskólanum í Hafnarfirði

1. Markmið

Samningur þessi er tímabundin stækkun á núgildandi samningi milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hjallastefnunnar um rekstur leikskóla við Hjallabraut 55. Rekstur 5 ára deildar leikskólans Hjalla færirst yfir í húsnæði Barnaskóla Hjallastefnunnar. Þar af leiðandi stækkar rekstur leikskólans um eina deild og leikskólinn Hjalli innritar yngri börn frá og með 1. febrúar 2019.

2. Tilgangur og forsendur

Samningur þessi kveður á um að rekstur 5 ára deildar verði með sömu námsmarkmiðum fyrir þennan aldurshóp og ávallt hefur verið í leikskólanum. Verkefnið er sett af stað með það að markmiði að þróa, efla og auðga leikskólastarf Hafnarfjarðar með því að leita nýrra leiða til að tryggja börnum allt frá 15 mánaða aldri leikskólavist, auka nýbreytni og sveigjanleika í leikskólastarfi með sömu rekstrarskilyrðum og aðrir leikskólar sveitarfélagsins.

3. Framkvæmdaaðilar og tengiliðir


Vegna einstakra framkvæmdaatriða verkefnisins og eftir því sem við á kemur Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu fram sem fulltrúi verkkaupa og stjórn Hjallastefnunnar ehf. sem fulltrúi rekstraraðila. Skólastjóri Barnaskólans og leikskólastjóri Hjalla eru tengiliðir þessa samkomulags við Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu.

Greiðslur til

4. Gildistími

Ákvæði samningsins taka gildi frá 1. febrúar 2019 til 31. desember 2019. Tímanlega fyrir lok samningstímabils skulu samningsaðilar yfirfara samkomulag þetta og uppfæra ef vilji er fyrir slíku af hendi beggja aðila.

Framkvæmd, framlög, viðurlög við vanefndum og gæði þjónustu skulu taka mið af gildandi samningi milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hjallastefnunnar um rekstur leikskóla.



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði desember 2018

Fyrir hönd Hafnarfjarðar

Fanney Dórothe Halldórsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu

Fyrir hönd Barnaskóla Hjallastefnunnar

Þórdís Jóna Sigurðardóttir, Framkvæmdastýra Hjallastefnunnar